

Kæra foreldri!

Manstu?

Manstu eftir því þegar þú sást á móti eldra systkini sem var að læra að lesa og reyndir að lesa á hvolfi? Manstu þegar þú varst að bagsa við að stauta þig fram úr fyrstu stöfunum? Manstu eftir því þegar amma las fyrir þig, - eða mamma eða pabbi? Manstu eftir fyrstu bókinni sem þú last frá byrjun til enda? Manstu þegar þú fórst að lesa á auglýsingaskilti? Manstu eftir fyrstu tilraunum við að lesa fréttatitla í dagblöðum? Manstu þegar þú fórst að geta lesið íslenska textann á sjónvarpsskjánum?

Við viljum öll vera læs. Jafnvel þó okkur hafi ekki tekist það til fulls í barnæsku eða jafnvel ekki á unglingsaldri, er þráin eftir að verða fluglæs ástríðufull. Læsi er lykillinn að flestu sem við sinnum á hverjum degi.

Hver á að kenna barni að lesa?

Að læra að lesa krefst þjálfunar. Það eru engin geimvísindi, en það getur tekið okkur, hvert og eitt, mislangan tíma að ná þessari færni. Hver sem er getur þjálfað barn í að lesa. Það þarf bara að gefa sér tíma og leita leiðanna sem henta hverju barni. Bara að lesa! Markviss þjálfun, skipulagður tími til þjálfunarinnar, jákvæðni, gleði og stuðningur skipta máli þegar barn er að læra að lesa. Það er hægt að gera lestrarþjálfun skemmtilega og það er hægt að gera hana leiðinlega. Fyrri kosturinn er svo miklu, miklu betri. Það skiptir ekki máli hvort lesnar eru íþróttافرéttir, fréttirnar um fræga fólk, texti um ánamaðk eða söngtexti eftir Bubba. Það má klappa orðin, herma, ríma eða jafnvel finna upp ný orð. Því fyrir sem barn verður fluglæst, - hvaða leiðir sem notaðar eru, því auðveldara á það með allt annað nám. Hamingjan sem fylgir fluglæsi er dásamleg. Þá fyrst halda okkur engin bönd í fróðleiksfýsninni.

Samvinna skóla og heimila er lykilatriði. Kennarar hafa ráð undir rífi hverju varðandi lestrarnám barna, en það verður alltaf að vera góð samvinna við heimilin ef árangur á að nást og þjálfunarþátturinn verður alltaf að vera mestur á ábyrgð ykkar foreldranna eða annarra sem geta stutt við þjálfunina heima fyrir.

Ertu fyrirmynd?

Hvernig getur maður orðið góð fyrirmynd fyrir börnin sín til að hvetja þau til lesturs. Við getum til dæmis talað um bækur, lesið bækur fyrir þau, látið þau sjá að við séum að lesa, rætt um persónur úr bókum, gefið bækur í gjafir, gefið okkur tíma til að hlusta á þau lesa og segja frá því sem þau lesa.



“Barn þráir ekkert heitar en að læra að lesa”.

Dr. Marion Blank



Tíminn sem við njótum með börnum við lestur góðra bóka er gríðarlega dýrmætur. Þau okkar sem höfum átt í erfiðleikum með lesturinn þurfum líka að passa að tala ekki um að það sé eðlilegt að barnið geti ekki lesið því þannig höfum við verið. Miklu fremur að hvetja þau enn frekar til dáða til og styðja við þau svo lesblinda eða hæglæsi muni ekki hamla þeim. Hægt er að búa til alls kyns lestrarleiki fyrir börn til að hvetja þau. Börn elska þegar fullorðnir setjast niður með þeim og skoða bækur. Það er til dæmis frábær hugmynd að heimsækja Amtsbókasafnið á eftirmiðdegi eða um helgi og eiga stund með börnunum þar.

LITBRIGÐI LÆSIS – læsi er lykillinn...



Nú erum við að blása í læsislúðra undir heitinu LITBRIGÐI LÆSIS – læsi er lykillinn. Við ætlum að stórbæta okkur í læsi. Akureyri á að verða hraðlæs bær þar sem við hjálpumst öll að við að bæta stöðuna. Það er eins og bókmenntaþjóðin hafi aðeins sofnað á verðinum við að halda lestri almennilega að börnum. Hver

bendir á annan, - foreldrar hafa bent á skólana, skólarnir hafa kvartað yfir þátttökuleysi foreldra við lestrarþjálfun barnanna, tækniöldin hefur valdið því að börn lesa ekki langan texta lengur heldur aðeins stykkorð, það er sagt að það vanti meira af lesefni fyrir börn, - já, það eru allskonar skýringar. Snúum okkur bara að verki.

Eruð þið ekki með?

Kæru foreldrar!

Með þessu bréfi biðla ég til ykkar allra um að vera með í lestrarátaki skólanna á Akureyri. Við ætlum okkur að ná frábærum árangri með börnin okkar. **Við viljum festa í sessi þá hugsun að það er á ábyrgð okkar allra að börnin okkar verði læs.** Að þau séu hvött, studd og hafi góðar fyrirmyndir. Þetta er grundvallaratriði.

Í Reykjanesbæ náðist á örfáum árum frábær árangur í samræmdum prófum með sameiginlegu átaki í læsi. Þar var lyft grettistaki þar sem allir hjálpuðust að og öxluðu ábyrgð. Þetta viljum við gera á Akureyri. Við ætlum að ná árangri. Við þurfum ykkur kærú foreldrar með í liðið.

Bestu kveðjur,

Soffía Vagnsdóttir
fræðslustjóri Akureyrarbæjar